



„Þessar sprungur nota ég fyrir skápa“, sagði Kjarval og náði sér í tuskur og terpentínu. Svo sagði hann: „Það er eitthvert p imp í þessum hól“, og fór að smyrja litunum á með fingrunum.



líka í skammdeginu. Jafnvel þótt farið sé að skyggja, þá mála ég. Alveg inni tví-lætið.

— Sumir þykjast ekki geta málað við ljós.

— Það get ég. Ég mála oft við ljós. Það er bara vitleysa, að ekki sé hægt að mála við ljós. Ljós og ljós. Þetta er ljóssins dagur. Hvernig er þetta fyrir ykkur?

— Það er gott að taka myndir í dag, sagði Kristján ljósmyndari, — gæti ekki verið betra.

— Þið áttuð bara ekki að fá mig. Þið áttuð að fá hann Austmann. Hann kom til okkar, þegar við vorum að fara. Austmann hefði verið upplagður.

— Er Austmann efnilegur?

— Austmann er séni. Bílstjóri, beygðu þarna austur á Krýsuvíkurveginum. Ég var þarna suðurfrá með Svíunum um daginn. Þeir voru að filma mig í einni holunni minni.

— Heldurðu að útlendingar sjái fegurð í svona hrauni?

— Ég veit það ekki. Efast um það. Efast stórlega um það. Kannski finnst þeim það bara vera eyðimörk. En nú eru vegheflar á veginum, bílstjóri, og við skulum fara varlega. Við skulum fara varlega. Við megum ekki trufla neinn. Aðalatriðið er að menn geti unnið ótrufið. Okkur liggur ekkert á.

Við biðum og heflarnir héldu áfram að fíkra sig suðurúr. Á meðan fór Kjarval að líta í kringum sig.

— Við beygjum útaf herna, bílstjóri, og reynum þarna suðurfrá, sagði hann allt í einu. Pimpfint sólskin, bræður í andanum. Er eitthvert rolukast á ykkur strákar? Eitthvert rolukast?

Meistarinn tók stengurnar sínar og lítina og labbaði á undan okkur suður mosapemburnar. Bílstjórinn hélt á stóru krossviðartöskunni, þar sem hvítt og ósnert léreftið var strengt innan í.

— Það er eitthvert rolukast á ykkur, strákar, sagði Kjarval og skimaði í kring-

um sig eins og veiðimaður. Hann dró hattinn niður á nefið, sneri honum öfugum á höfðinu og pírdi augun. — Hér hefur verið brotið gler, sagði hann allt í einu og var strangur á svipinn. Og svo beygði hann sig niður og tók upp skot-hylki.

— Við erum í ótugtarlínu. Snúum við. Hér get ég ekki málað. Bílstjóri, við tökum stefnuna á hólinn þarna uppundir veginum. —

Við snerum við eins og einn maður og Kjarval skálmaði yfir hraunið með stengurnar um öxl. Hann var hrikalegur eins og útilegumaður og ákaflega mikið í ætt við þetta landslag. Við gengum framá fleiri brotnar flöskur.

— Ég sagði ykkur þetta, bræður í andanum. Þetta er ótugtarlína. Bílstjóri, við ökum hér lengra suður í hraunið. Ég á holu herna sunnar.

Meðan við biðum eftir því, að bílstjórinn færi spöl til baka eftir bílnum, bar að

ferðafólk. Það var vinur Kjarvals. Hann kom út og heilsaði og með honum dönsk frú, virðuleg prófessorsfrú að því er okkur skildist. Hún heilsaði meistaranum líka og sagði með innilegri aðdáun í svipnum:

— Jeg har set Deres malerier og jeg synes de er herlige. —

Kjarval sneri sér undan og sagði:

— O hver andskotinn. —

Svo settumst við aftur uppí bílinn frá BSR og ökum áfram. Kjarval sagði:

— Við sluppum vel frá þessu. Maður má ekki stuða fólk. Ég tók ofan fyrir þeirri dönsku. Það er um að gera að stuða ekki neinn.

— Kemstu alltaf hjá því að stuða fólk? spurði ég.

— Nei, ekki alltaf. Stundum er ég í vinnuham. Ákaflega niðursökkinn, skilurðu. Þá þoli ég engan nærri mér.

— Rekurðu fólk frá, sem kemur til að horfa á þig mála úti á víðavangi?

— Rek það frá áður en það kemur alveg til mín. Fólk tekur það ekki illa upp. Maður má samt ekki styggja neinn. Viltu beygja útaf bílstjóri, handan við þennan hól.

Þarna var meiri gróður í hrauninu, birkikjarr á einstaka stað, gráar og gulgrænar mosapembur á hólunum, lyng og beitibuska í lautunum. Við gengum spölkorn í suður eftir króköttum fjárgötum.

— Eru þessar götur eftir þig Kjarval, eða sauðfé, spurði ljósmyndarinn.

— Ég hef verið með fénu í því að mynda þessar götur. Ég á holu herna sunnar.

Við komum í djúpa, afar fallega laut milli sprunginna hraunhóla. Það var engu líkara en tjaldstæði væri niðri í lautinni. Þar var troðið eftir mikinn umgang.

— Ég er búinn að mála margar myndir í þessari holu, sagði Kjarval og reisti stengurnar á troðna blettinum. Þær voru líkastar gömlum tjaldsúlum, snjáðar af mikilli notkun.

— Þú hefur einhverntíma staðið hér áður sýnist mér.

Kjarval byrjaði að leysa skyrtuna utan af litunum og sagði:

— Hér hef ég átt marga stund. Stundum staðið frá morgni til kvölds.

— Ertu þá ekki orðinn þreyttur?

— Úrvinda. Ég rétt get staulazt úr sporunum.

Hann opnaði stóru krossviðartöskuna uppá gátt og lagði á stengurnar. Svo gekk hann að hólunum og kafaði með handlegginn ofan í sprungu. Þar dró hann upp tvist, tuskur og krús. Hann hellti terpentínu í krúsina.

— Þessar sprungur nota ég fyrir skápa. —

Hann reif druslu af tvistinum og stakk í vasa sinn, svo hann flaksaðist, niður undir jörð.

— Þetta er pimpfint, sagði meistarinn og byrjaði að kreista úr túbunum á lítið litaspjald. Það var orðið þykkt af hörðnuðum lit og mjög marglitt.

Hann sneri til norðurs og við sáum, að hann tók mið á lítinn og fremur sakleysislegan hól, sem girti fyrir lautina í norðri. Hann markaði útlínur hólins á hvítt léreftið. Svo sagði hann:

— Það er eitthvert pimp í þessum hól.

— Ha, pumpa, sagði ljósmyndarinn. Hann var svo niðursökkinn við myndavélarnar og þóttist nú hafa komið í feitt.

— Já, pumpa, sagði Kjarval. Um að gera að hafa pumpuna í lagi. Um að gera. Maður má ekki vera ósanngjarn við neinn. Þið áttuð bara að taka hann ísleif í staðinn fyrir mig. —

Hann dró hattinn lengra niður og varð alvarlegur á svipinn. — Þetta er svo viðkvæmt, sagði hann. Þessi hvíti litur í mosanum. Allt svo viðkvæmt. Mér finnst